



FUNDARGERÐ
13. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 29. apríl 2019
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Elín Grétarsdóttir, Ágúst Sigurðsson og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Nýr skólastjóri Grunnskólans á Hellu - 1903020

Niðurstaða viðtala við umsækjendur.

Fyrir liggur tillaga starfhóps Odda bs vegna ráðningar skólastjóra við Grunnskólann á Hellu. Tillaga starfhópsins er að ráða Kristínu Sigfúsdóttur sem skólastjóra Grunnskólans á Hellu.

Samþykkt samhljóða.

Greinargerð:

Starfið var auglýst í Morgunblaðinu, Dagskránni og Búkollu og á heimasíðu Rangárþings ytra í mars 2019 með umsóknarfrest til 8. apríl 2019. Umsækjendur voru 5 talsins. Umsóknir voru flokkaðar með tilliti til þess hversu vel umsækjendur uppfylltu menntunar- og hæfniskröfur og ljóst að mjög góðar umsóknir lágu fyrir. Í auglýsingu um starfið var tekið fram að leitað væri eftir einstaklingi sem væri tilbúinn til að ganga glaður til verka og leiða af dugnaði öflugt skólasamfélag með samstöðu og árangur að leiðarljósi. Jafnframt var lagt upp úr því að nýr skólastjóri væri tilbúinn að viðhalda þeim góða skólabrag sem einkennt hefur starf Grunnskólans á Hellu. Gerðar voru þær menntunar- og hæfniskröfur að umsækjandi hefði leyfisbréf sem grunnskólakennari og byggði að farsælli kennslureynsla í grunnskóla. Þá þyrfti umsækjandi að hafa framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða og/eða búa að farsælli stjórnunarreynslu. Önnur atriði sem lögð voru til grundvallar voru færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlanagerð og hæfni í samskiptum. Þá var reynsla í fjármálastjórnun talinn kostur. Eftir yfirferð og kynningu umsókna í stjórn Odda bs var ákveðið að bjóða öllum 5 umsækjendum til viðtals þann 24-26 apríl 2019. Viðtölin tóku Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri Rangárþings ytra og framkvæmdastjóri Odda bs, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Ásahrepps og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir stjórnarmaður í Odda bs og sveitarstjórnarfulltrúi í Rangárþingi ytra. Umsækjendur mættu til viðtals á Hellu og hvert viðtal tók allt að 1 klst.

Það var samdóma álit þeirra sem viðtölin tóku að hæfust til að gegna starfinu væri Kristín Sigfúsdóttir. Haft var samband við samstarfsaðila úr fyrra starfi og fékk hún góða umsögn þar til að gegna starfi skólastjóra.

Kristín Sigfúsdóttir er 56 ára aðstoðarskólastjóri við Laugalandsskóla. Hún er fædd og uppalin á Selfossi en á ættir sínar að rekja í Rangávallasýslu og býr á Hellu með fjölskyldu sinni. Kristín er grunnskólakennari að mennt og hefur tekið meistaraþráðu í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun menntastofnana. Hún hefur sinnt kennslu í grunnskólunum í Hveragerði, Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri, Hellu auk starfa sinna í Grunnskólanum á Laugalandi. Hún hefur frá árinu 2013 starfað sem aðstoðarskólastjóri við Laugalandsskóla. Þá hefur Kristín lokið 8 stigi í söng frá Söngskólanum í Reykjavík og hefur mjög víðtæka reynslu sem kórstjórnandi.

2. Nemendur Odda 2018-2019 - 1808012

Yfirlit um fjölda nemenda.

Lagt fram til kynningar.

3. Erindi frá leikskólastjórum um biðlista, forgangsörðun og leikrými - 1904054

Minnisblað um þessi atriði.

3.1 Biðlistar og forgangsörðun barna

Farið yfir erindið og tillögur ræddar. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögurnar áfram í samráði við leikskólastjórana og leggja fyrir næsta fund Odda bs.

3.2 Leikrými

Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn og leggja fyrir næsta fund Odda bs.

Fundargerð yfirlésin og staðfest.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 9:15.



Haraldur Eiríksson



Margrét Harpa Guðsteinsdóttir



Ásta Berghildur Ólafsdóttir



Elín Grétarsdóttir



Ágúst Sigurðsson

